

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 11183/2021

Reykjavík, 25. júní 2021


Valdimar Gunnarsson
Helgubraut 17
200 Kópavogi

Vísað er til kvörtunar yðar til mín, dags. 18. júní sl., sem þér beinið að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis og lýtur að því að nefndin hafi ekki svarað erindum yðar þar sem þér farið fram á opinbera rannsókn á þeim vinnubrögðum sem hafi verið viðhöfð við undirbúning og gerð laga sem tengjast fiskeldi.

Í tilefni af kvörtun yðar tek ég fram að samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er hlutverk umboðsmanns að hafa, í umboði Alþingis, eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögnum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Í 3. gr. laganna er starfssvið umboðsmanns nánar útfært í samræmi við þetta, en samkvæmt a-lið 4. mgr. 3. gr. tekur starfssvið umboðsmanns ekki til starfa Alþingis og stofnana þess.

Í samræmi við framangreint fellur það utan starfssviðs umboðsmanns að láta í ljós álit sitt á störfum fastanefnda Alþingis. Þar sem kvörtun yðar lýtur að starfsháttum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis brestur lagaskilyrði til þess að ég geti tekið kvörtun yðar til frekari meðferðar. Lýk ég því athugun minni á málinu með vísan til 1. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Virðingarfyllst,



Skúli Magnússon